

Fundargerð

180. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 19. febrúar 2013 kl. 12¹⁵–14¹⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG) ÚS
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar
- (3) Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (179. fundar).

2. Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar

ÓK fór yfir að Samkeppniseftirlitið hefur afhent ÚS drög að skilyrðum sem lögð voru fram á fundinum sem það vill setja varðandi nýjan samning við olúfélögin um söfnun og ráðstöfun olúúrgangs. ÓK fór yfir að óskað er eftir umsögn sjóðsins um skilyrðin. Skilyrðin hafa verið send til olúfélaganna. Skilyrðin eru sett í framhaldi af umsókn umhverfisráðuneytisins um undanþágu á grundvelli samkeppnislaga fyrir samningi sjóðsins við olúfélögin. Afrit af umsókninni var lögð fram á fundinum.

Umhverfisráðuneytið sendi Samkeppniseftirlitinu erindi 17.5.2011 þar sem málið var reifað og óskað eftir undanþágu fyrir nýjum samningi

Síðan þá hefur undanþágu beiðnin verið í vinnslu hjá Samkeppniseftirlitinu.

ÓK fór yfir nýjan samning sem er tilbúinn og bíður undirskriftar. Þar er lögð rík áhersla að ná fram hagkvæmni við meðhöndlun smurolúúrgangs. Sérstaklega er horft til þess að minnka vatnsinnihald í olúúrgangnum. Aðilar eru ásáttir um nýjan samning en beið er eftir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um lögmati hans.

Drög að skilyrðum SKE liggja nú fyrir til undanþágu á 10.gr.samkeppnislaga nr. 44/2005 og voru þau lögð fram á fundinum. Skilyrðin eru einnig til skoðunar hjá olúfélögunum. En skilyrðin lúta öll að samstarfi olúfélaganna við meðhöndlun olúúrgangs en ekki að innhaldi samningsins við ÚS að öðru leiti.

GGÞ lagði til að haldinn yrði fundur með SKE, UAE og ÚS, þar yrði farið yfir framkvæmd á meðhöndlun olúúrgangs. ÓK falið að óska eftir fundinum.

3. Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang

Lagt var fram á fundinum yfirlit yfir tillögu um álagningu á raftæki skv. endurskoðuðum tollnúmerlista sem barst frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti í lok síðustu viku. Breytingar á upphæðum gjalda voru ekki afgerandi, vegna þessara breytinga, frá fyrri útreikningum sem stjórnarmenn hafa fengið við mat á umfangi álagningar á raf(einda)búnað. Búið er senda UAR útreikningana miðað við endurskoðann tollnúmerlista.

Lagt var fram á fundinum frumvarpsdögin vegna breytinga á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og þau voru send til yfirlstrar hjá forsætisráðuneyti og Alþingi í vikunni sem leið. Fundarmenn ræddu að ræða þurfi við fulltrúa UAR um framkvæmd vegna greiðslu til Umhverfisstofnunar við eftirlit sem kemur fram í 22 gr. og 29 gr. frumvarpsins og varðar endurgreiðslu á Úrvinnslugjaldi. ÓK falið að kanna málið.

4. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 26.febrúar 2013.

Fundi slitið kl 14:10